



JÓLATRJÁARÆKTUN FJALLAÞINS Á ÍSLANDI

INNGANGUR

Á Íslandi er vaxandi áhugi á að nýta norður-amerísku trjátegundina fjallaþin (*Abies lasiocarpa*) sem jólatré. Tegundin er með gríðarstóra útbreiðslu frá Alaska og Yukon í norðri (64°N) til fjallasvæða New Mexico og Arizona í suðri (32°N). Af fjallaþin finnast tvö mismunandi afbrigði. Græna og algengara afbrigðið gegnur undir nafninu „Subalpine fir“ (*A. lasiocarpa* var. *lasiocarpa* (Hook.) Nutt.) og er að finna frá nyrsta hluta útbreiðslusvæðisins allt suður til Colorado. Litur barrsins er breytilegur, frá fagurgrænum lit ekki ósvipað rauðgreni, yfir í blágrænt barr en borkurinn er brúnn. Bláa afbrigðið af fjallaþin (*A. lasiocarpa* var. *arizonica* (Merriam) Lemmon) finnst á dreifðum svæðum í háfjöllum Colorado, New Mexico og Arizona. Liturinn á barrinu er áberandi blár, ekki ósvipað blágreni, en borkurinn hvítur og svampkenndur og því er þetta afbrigði kallað „Corkbark fir“. Fjallaþinur er mjög barrheldinn, sérstaklega græna afbrigðið, sem er eitt af lykileiginleikum jólatrjáa. Hann ilmar talsvert og frekar mjóslegin króna gerir tegundina heppilega sem jólatré þar sem stofupláss er af skornum skammti.



RÆKTUN Á ÍSLANDI

Fjallapínur var fyrst gróðursettur hérlendis upp úr 1900. Ýmis kvæmi voru reynd á tímabilinu 1939 til 1992 með misjöfnum árangri. Í upphafi ræktunar þarf fjallapínur sæmilegt skjól og gjarnan aðeins skugga því annars vill barrið sviðna á útmánuðum. Hann fer sér hægt af stað og því er hann viðkvæmur fyrir samkeppni við gras. Lykilatriði er að byrja með sæmilega stórar 2ja-3ja ára bakkaplöntur af heppilegu kvæmi. Best er að gróðursetja plönturnar undir gisinn skerm í meðalfrjótt land þar sem grassamkeppni er hófleg. Hallandi land er betra en flatt því þar er frosthætta minni. Ágætt er að bera áburð á pönturnar fyrstu árin en hóflegt magn hverju sinni. Með því að snyrta greinar, fjarlægja aukatoppa, lagfæra toppsprota og jafnvel forma trén með klippingu er hægt að hækka hlutfall nýtanlegra jólatrjáa verulega.



PRÓFUN Á KVÆMUM

Trjátégundir með stórt útbeiðslusvæði eins og fjallapínur eru jafnan taldar hafa mikinn erfðabreytileika innan tegundarinnar. Mikill erfðabreytileiki og breytileg líffsskilyrði eykur líkur á að finna megi efnivið sem hentar svæði eins og t.d. Íslandi. Til að leita uppi heppileg kvæmi fyrir íslenskar aðstæður voru gróðursett 26 kvæmi undir lerkiskerm við Hallormsstað vorið 1999. Kvæmin voru vítt og breitt af útbreiðslusvæðinu. Á 15 ára tímabili frá gróðursetningu tilraunarinnar fóru fram mælingar og mat á lifun og vexti kvæmanna, jólatrjáagæðum, vaxtartakti og næmni þeirra fyrir sjúkdómum og sníkjudýrum. Sömu kvæmi voru einnig gróðursett í Danmörku. Þær tilraunir hafa gefið upplýsingar um þol kvæmanna gagnvart sjúkdómum og skordýrum sem ekki finnast á Íslandi.

KVÆMAMUNUR

Það kom strax í ljós að kvæmin voru afar breytileg fyrir alla mældu eiginleika. Þetta þýðir að sá sem ætlar að rækta fjallapín sem jólatré á Íslandi verður að velja til þess rétt kvæmi til að ná árangri. Gróflega má skipta kvæmunum upp í fjóra meginflokka eftir útbreiðslu og eiginleikum:

- Norður – Alaska, Yukon, norðurhluti British Columbia
- Vestur – Suðurhluti British Columbia og Washington fylki
- Austur – Austasti hluti British Columbia, Alberta, Idaho, Montana, Wyoming, Utah og norðurhluti Colorado
- Suður – Suðurhluti Colorado, New Mexico og Arizona (blátt afbrigði)



Eiginleikar mismunandi kvæmahópa byggt á niðurstöðum Hallormsstaðatilraunar, gróðursett 1999. Besti hópurinn fyrir hvern eiginleika er feitletraður en sá lakasti skáletraður.

Eiginleiki	Norður	Vestur	Austur	Suður (blátt afbrigði)
Lifun	Sæmileg	Breytileg	Léleg	Góð
Hæðarvöxtur	Meðal	Mestur	Breytilegur	Meðallag
Tvítoppa-myndun	Meðal	Breytileg	Algeng	Sjaldgæf
Hlutfall jólatrjáa	Lágt	Breytilegt	Lægst	Hæst
Barrheldni	Góð	Meðal	Meðal	Lökust
Laufgun	Næst fyrst	Breytileg	Síðust	Fyrst
Brummyndun	Fyrst	Breytileg	Meðal	Síðust
Mótstaða gagnvart lús	Breytileg	Breytileg	Lökust	Best
Mótstaða gagnvart <i>neonectria</i>	Sæmileg	Sæmileg	Breytileg	Lítill

BESTU KVÆMIN

Þau kvæmi sem lifðu best voru öll af bláa afbrigðinu frá New Mexico og Arizona úr um 3.000 m h.y.s., ásamt einu grænu kvæmi frá Colorado. Þar á eftir komu norðlægustu kvæmin frá Alaska og Yukon. Bláu suðlægu kvæmin ásamt kvæminu Arapaho frá Colorado voru einnig með besta jólatrjáaformið, urðu sjaldnast margtoppa, höfðu góða mótstöðu gagnvart lús og eru þau kvæmi sem mælt er með til jólatrjáaræktar hérlandis. Helstu veikleikar suðlægu kvæmanna voru að þau laufguðust fyrst á vorin og gengu síðast frá sér á haustin og gætu þess vegna verið viðkvæm fyrir vor- og haustfrostum. Einnig voru þau viðkvæm fyrir sjúkdóm sem kallast *Neonectria neomacrospora* sem ekki finnst á Íslandi en gæti haft neikvæð áhrif á suðlægu kvæmin ef hann berst til landsins. Besta kvæmið af öllum reyndist vera Cibola frá New Mexico. Hafa þarf í huga að niðurstöðurnar gilda fyrir svæði inn til landsins og má vera að önnur kvæmi reynist best við suður- og vesturströnd Íslands. Það er t.d. hugsanlegt að kvæmi frá norðanverðri British Columbia henti betur á vetrarmildum og úrkomusömum strandsvæðum á Suðausturlandi, í lágsveitum Suðurlands og í útsveitum Vesturlands.

FRÆ AF ÚRVALSTRJÁM

Greinar af bestu trjánum í tilrauninni hafa nú verið græddar á nýja stofna og komið fyrir saman í tveimur frægörðum, einn fyrir bláa afbrigðið og annar fyrir það græna. Vonir standa til að þessir frægarðar beri fræ innan 10 ára fyrir íslenska jólatrjáarækt. Þangað til er mælt með notkun háfjallakvæma frá New Mexico, Arizona, Colorado og mögulega kvæmum frá NV British Columbia.



Höfundur: Brynjar Skúlason. Teikningar: Helgi Þórsson. Uppsetning: Ragnhildur Freysteinsdóttir.
Prentsmíðjan Oddi. Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands - www.skog.is